


Að nota Canon prentara á Skúlaskeiði sem skanna.



Prentarinn í Skúlaskeiði er ágætur skanni og hann hefur þann kost að geta sent skönnuð skjöl í pósti. Innbyggt í prentaranum er líka möguleiki að gera skannaðan texta afritanlegan og



lesanlegan í talgervli, þó vissulega komi nokkrir hnökrar í textann, sérstaklega ef stafagerðin er ókunnugleg eða skjalið (bókin) ekki alveg hrein.


Þægilegast er fyrir þá sem ætla að nota þennan möguleika mikið að búa til notenda á skannanum þar sem netfangið er geymt, rými er fyrir 200 notendur. Einnig er hægt að skanna og senda án þess að búa til notanda.

- Smellt er á **Scan and Send** og þá kemur þessi gluggi. Hér er hægt að smella á laust hólfið og skrá sig „**Register/Edit**“ Velja svo E-Mail möguleikann og fylla út nafn og netfang í næsta glugga.

Screenshot of the registration form. It has fields for 'Name', 'One-Touch Name', and 'E-Mail Address'. There is a 'Divide Data' checkbox and 'On'/'Off' buttons at the bottom. A red arrow points to the 'One-Touch Name' field.


Hér er skammstöfun á hnappinn.

Velji svo OK og nýr gluggi kemur upp.




Hér getið þið smell á **One Touch**, ef þið eruð skráðir notendur eða **New Destination** ef þið ætlið bara að skanna í eitt skipti án þess að skrá ykkur en þá þurfið þið að skrifa inn netfangið í hvert skipti.

Næsti gluggi sýnir skönnunarmöguleikana.




Hægt er að stjórna litnum, upplausninni, stærðinni og einnig hvaða skjal þið viljið fá, t.d. pdf eða mynd, sjá næstu valmynd:





OCR er möguleikinn til að gera texta lesanlegan. Líklega er best að taka þá af **Compact** möguleikann. JPEG er algengasta myndaformið og skjalið er þá ekki mjög stórt. TIFF getur verið stórt skjal.

Síðan er bara skannað á svipaðan hátt og ef um ljósritun er að ræða, bæði hægt að skanna bækur eða nota matarann. Það virðist vera best að smella fyrst á **Job Build** í **Options**



Nota svo græna hnappinn og þá sést hvernig skjölin byggjast upp á teljaranum.



Ef **Start Sending** hnappurinn sést ekki þá hefur eitthvað mistekist og það þarf að skanna aftur en ef hann birtist þá er bara að smella á hann í lok skönnunar og skjalið kemur í pósti til notandans.